

A kærði ákvörðun Tollstjóra um verðmat bifreiðar og krafðist þess að tollverð yrði ákvarðað á grundvelli framlagðs vörureiknings, til vara að tollverð yrði ákvarðað á grundvelli sams konar bifreiða en til þrautavara að tollverði tæki mið af DAT gagnagrunninum. Þá krafðist kæranda dráttarvaxta. Ákvörðun Tollstjóra grundvallaðist á því að verð samkvæmt framlögðum reikningi væri ónothæft og óeðlilega lágt og því var tollverðið ákvarðað á grundvelli 115. gr. tollalaga.

Litið var til þess að verð samkvæmt framlögðum vörureikningi var óeðlilega lágt, samanborið við markaðsverð í bæði Evrópu og viðskiptalandinu, og framkomnar skýringar kæranda á lágu verði þóttu ótrúverðugar. Af þeim sökum var talið rétt að vefengja viðskiptaverðið og leggja það ekki til grundvallar tollafgreiðslu. Aftur á móti var í hinni kærðu ákvörðun ekki fylgt reglum VII. kafla reglugerðar nr. 1100/2006 en beita ber þeim reglum við verðmat þegar framlagður reikningur telst ónothæfur. Var hin kærða ákvörðun því felld úr gildi og bifreið kæranda endurmetin í samræmi við reglur um slíkt. Niðurstaða verðmatsins varð sú að FOB verð bifreiðar kæranda skyldi vera 2.200.902., eða nokkru lægra en þrautavarakrafa kæranda, og var kæranda endurgreidd ofgreidd aðflutningsgjöld ásamt almennum vöxtum en dráttarvaxtakröfu var hafnað.